

Skrá 31. Hátíðir og merkisdagar

ÞJÓÐHÁTTASKRÁNING ÞJÓÐMINJASAFNSINS 31. SPURNINGASKRÁ

Vorið 1969 var send út ítarleg spurningaskrá um sumardaginn fyrsta og bárust við henni mörg góð svör. Niðurstöður þeirra svara voru birtar í Árbók fornleifafélagsins 1970.

Hér kemur spurningaskrá um fjölmarga aðra hátíðisdaga, upplyftingu og dagamun í sambandi við kirkjuárið eða atvinnulífið. Spurningar um hvert atriði eru miklu færri en var 1969 en vonast er til að sérhver láti fljóta með hvaðeina sem honum dettur í hug, þótt láðst hafi að spyrja um það. Um örfá þessara atriða hefur verið spurt áður, t.d. töðugjöld í sambandi við heyannir, og geta þeir sleppt slíkum spurningum sem þegar hafa svarað þeim nema þeir hafi einhverju við að bæta. Menntu eru eins og áður beðnir að leita ekki að svörum í prentuðum bókum (þær getum við sjálfir lesið) heldur í eigin minni. Gott getur hinsvegar verið að fá ábendingar um bækur, ritgerðir eða handrit þar sem heimilda gæti verið að leita. Spurningarnar ganga nokkurn veginn eftir tímaröð um ársins hring.

Eldbjargarmessa (7. jan.), Geisladagur (13. Jan.). Kannast einhver við alþýðlegar skýringar á þessum heitum eða einhverjar siðvenjur tengdar þessum dögum?

Pálsmessa (25. jan.). Hvaða venjur hafa menn heyrt um á þessum degi? Að gefa hrafninum t.d.? Hverskonar veðurspár voru tengdar honum? Þekktu menn nokkrar skýringar á þeim venjum og spám?

Þorri. Hvernig var haldið upp á fyrsta dag þorra? Var þorri boðinn velkominn og hver gerði það þá og hvernig? Hverskonar veitingar voru helst framreiddar og hvenær dagsins? Hverjum var dagurinn helgaður? Hverjum bar að halda til þorra? Undir hvaða nafni gekk fyrsti þorradagur? Var nokkur tilbreytni, siðir eða orðtök í sambandi við þorraþræl? Skrifid vísur eða sögur um þorra og göu. - Hvenær muna menn fyrst eftir þorrablótum og hvernig fóru þau fram? Hvenær urðu þau föst venja? Hvaða breytingar hafa orðið á veitingum og skemmtiatriðum?

Níu vikna fasta. Kannast einhver við að hennar sæi stað í daglegu lífi eða hún væri virt að einhverju leyti? Segið frá húslestrum og öðru helgihaldi á heimilum um þennan föstutíma.

Kyndilmessa (2. febr.). Hún dregur nafn af blysförum eða kertaskrúðgöngu á hreinsunarhátíð Maríu guðsmóður. Kannast einhver við að eimdi eftir af helgihaldi á þessum degi? Hvaða veðurspá var tengd deginum og vitið þið dæmi þess að fólk tæki sýnilega mark á slíkum spám eða fyrirboðum?

Langafasta (sjöviknafasta). Vita menn dæmi þess að fólk sæti að einhverju leyti í föstunni, sparaði t.d. fremur við sig góðmeti eða annan viðurgerning? Reyndu menn að vera skírlífari þá en ella? Var minna um giftingar þá en ella? Hvernig var helgihaldi háttað um föstutímann, húslestrum, sálmasöng osfrv.?

Föstuinngangur. Hvenær muna menn fyrst eftir bolludegi, bollum og/eða flengingum. Hvernig fór slíkt fram? Hvað var sagt um leið og flengt var? - Hvaða matur var helst borðaður á sprengidag? Var einhver önnur skemmtun höfð í frammi á þessum degi en átgleði? Var einhver losarabragur á hátterni fólks þennan dag? Kunna menn sagnir eða vísur um slíkt? Þekkjja menn önnur nöfn á þessum degi, t.d. sprengir? Í almanakinu stendur líka hvíti

Týsdagur. Kannast nokkur við að það heiti hafi verið notað almennt og hvað merkti orðið þá? - Hverskonar siðir eða skemmtun var bundin við öskudag? Hvernig skildu menn nafnið? Ef menn áttu að bera ösku eða annað, þá hvernig, hversu langt eða lengi? Segið frá kattarslag eða öðrum tiltektum barna og fullorðinna á þessum degi? Hvernig var veðurspáin í sambandi við öskudaginn og hvað fólst í henni?

Imbrudagar eru fjórum sinnum á ári og hefjast næsta miðvikudag eftir öskudag, hvítasunnu, krossmessu á haust og Lúsíumessu á jólaföstu. Kannast menn við eitthvert helgihald eða útafbreytni í sambandi við imbrudaga? Hvernig skildu menn orðið? Var nokkur veðurtrú tengd imbrudögum? Annað nafn á imbrudögum er sæluvika eða sæludagar. Hvernig skildu menn þetta heiti og hvaða sagnir voru til um það? Skagfirðingar eru sérstaklega beðnir að segja frá upphafi sæluviku sinnar sem er fyrirbæri annars eðlis.

Góa. Hér eiga við samskonar spurningar og um þorra. Þó skal því bætt við hvort, nokkur kannist við þann sið "að gefa góu rauðan lagð"? Hvernig var sá siður og hvað táknaði hann? Var góuþrállinn helgaður nokkrum sérstökum persónum? Undir hvaða nafni gekk fyrsti góudagur? Þekktist nokkur þjóðtrú í sambandi við góuveður?

Hlaupár (29. febr.). Þekkjja menn nokkra þjóðtrú í sambandi við hlaupárið eða hlaupársdaginn sjálfan? Áttu nokkrar framkvæmdir að heppnast sjaldnar á hlaupári en ella? Hvað um menn sem fæddir voru á hlaupársdaginn?

Riddaradagar (byrja 9. mars). Var nokkur þjóðtrú tengd þeim, t.d. í sambandi við veður?

Gvendardagur (16. mars) er dánardagur Guðmundar biskups góða. Kannast menn við nokkurn átrúnað, virðingavott, veðurtrú eða annað í tengslum við Gvendardag? Kannast menn við að gömul venja væri að gefa hrafninum sérstaklega þann dag?

Geirþrúðardagur (17 mars). Var nokkur veðurboði fólgin í veðri á Geirþrúðardag?

Einmánuður. Sömu spurningar og um þorra og góu. Kannast menn við að gestir á einmánuði væru skrifaðir upp á miða og dregið um þá sumardaginn fyrsta? Fyrsti dagur einmánaðar var fyrir mörgum öldum heitdagur og samkoma haldin til að deila út matgjöfum meðal fátækra. Kannast menn við nokkrar minnstu leifar af slíkum sið?

Boðunardagur Maríu (25 mars). Víða um lönd var áður fyrir talið að árið hæfist með þessum degi. Hafa menn nokkru sinni heyrt ávæning af slíku hér eða um aðra trú varðandi þennan dag?

1. apríl. Kunna menn að segja frá upptökum þeirra venju að láta menn hlaupa apríl? Skrifðu sagnir eða vísur um það ef tiltækar eru.

Pálmásunnudagur. Kannast menn við nokkra þjóðtrú eða sérstakar venjur á þessum degi?

Dymbilvika, dymbildagar, efsta vika, bænadagar. Hver af þessum heitum voru mönnum munntömust? Þekkjja menn önnur nöfn á þessum dögum? Hvaða skilningur var lagður í orðið dymbill?

Skírdagur. Á hvern hátt var hann haldinn hátíðlegur?

Föstudagurinn langi. Var einhverjum eðlilegt að nefna hann fremur langafjrádag? Hvernig var hann haldinn helgur? Kom það á nokkurn hátt fram í fábreyttara mataræði, klæðaburði eða atlæti við fólk? Þekktist það að refsar börnum þennan dag fremur en aðra?

Páskar. Hvernig var páskahátíðinni háttað á heimilum og í kirkjum? Hvenær muna menn fyrst eftir páskaeggjum og hvernig voru þau? Kannast menn við þá þjóðtrú að unnt væri að sjá sólina dansa á páskadagsmorgun? Kannast menn við að 1. sunnudagur eftir páska væri nefndur páskabróðir? Var nokkur veðurspá tengd þeim degi?

Sumardagurinn fyrsti. Þeir sem ekki hafa þegar svarað spurningaskrá um þennan dag eru beðnir að segja frá líkum atriðum og spurt er um varðandi þorra, góu og einmánuð.

Gangdagurinn eini (gangdagurinn mikli, litli gangdagur, 25. apríl). Kannast menn við einhverja skýringu eða trú varðandi þennan dag? Þrír síðustu dagar fyrir uppstigningardag hétu líka gangdagar eða gagndagar. Muna menn eftir nokkrum venjum í sambandi við þá?

Kónsbænadagur. Þetta er fjórði föstudagur eftir páska og var tilskipaður sem almennur bænadagur árið 1686. Hann var ekki numinn úr tölu helgidaga fyrr en 1893. Kannast menn við einhverjar leifar af helgi á þessum degi ellegar naumum matarskammti t.d.?

1. maí. Þessi dagur var víða í Evrópu mikill tyllidagur sem Valborgarmessa. Þekkja menn nokkurn anga af slíkri dýrkun hér? Á þessari öld hefur hann orðið þekktastur sem verkalýðsdagurinn. Hvenær muna menn eftir fyrstu kröfugöngum, baráttufundum eða öðrum athöfnum verkalýðssamtaka á þessum degi svo og vinnubrögðum annarra gagnvart þeim?

Krossmessa á vori (3. maí). Hún var áður vinnuhjúaskildagi. Kannast menn við einhverjar venjur varðandi hana og/eða vinnuhjúaskildagann? Þekkja menn orðið krossmessuskór og hvað var það?

Eldaskildagi (10. maí). Þann dag var venja að bændur skiluðu húsdýrum úr fóðrum. Þekkja menn nokkrar sagnir um það efni?

Lokadagur (11. maí). Voru vertíðarlok með einhverjum hætti haldin hátíðleg? Nokkur þjóðtrú tengd deginum, t.d. í sambandi við veður? Hvernig var lestamönnum fagnað er heim kom?

Uppstigningardagur. Hverskonar hátíðleika eða útafbreytni þekkja menn á þessum degi? Sumstaðar erlendis hefur þetta orðið svonefndur "karlmannadagur", þegar þeir gera sér glaðan dag fremur en venjulega. Hafa menn nokkru sinni heyrt um slíkt hér heima? Hafa menn heyrt nafnið "helgi Þórsdagur" um uppstigningardag?

Skerpla. Fyrsti dagur þorra, góu, einmánaðar og hörpu var yfirleitt helgaður húsbændum og unglíngum. Kannast fólk við að einhver hópur manna eða stétt ætti fyrsta dag skerplu eða væri eignaður hann?

Hvítasunna. Hvernig var haldið upp á hana? Var einhver sérstök trú á mætti guðsþjónustunnar á þessum degi? Kannast menn við orðin hvítadagar, hvítavika eða helga vika? Hafa menn heyrt orðið pikkisdagar eða pikisdagur notað um þessa hátíð?

Brenningarhátíð (trinitatis). Kannast menn við að þessi dagur væri á einhvern hátt haldinn heilagri en aðrir sunnudagar?

Dýridagur (Kristlíkamahátíð) er fyrsti fimmtudagur eftir trinitatis. Helgi hans mun víðast hafa horfið eftir siðaskipti. Hafa menn þó enn einhverjar spurnir af helgi hans?

Fardagar. Á þessum fjórum fyrstu dögum í 7. viku sumars fluttu menn fyrrum búferlum. Muna menn nokkrar sagnir eða persónusögur varðandi þessa búferlaflutninga? Hvað um fardag presta eða nýja fardag, 6. júní?

Hreinsunardagur. Þekkja menn dæmi þess að börnum eða unglingum væri haldin smáveisla þegar lokið var við að hreinsa áburðinn af túninu?

Kolúmbamessa (9. júní). Löngum hefur það orð legið á að Íslendingar héldu tryggð við írsku dýrlinga eins og Kolúmba eða Kólumkilla. Vita menn dæmi þess af eigin raun?

17. júní. Hvenær minnst menn þess fyrst að afmælisdagur Jóns Sigurðssonar væri haldinn hátíðlegur áður en lýðveldið var stofnað? Hvernig fóru þau hátíðahöld einkum fram?

Jónsmessa (24. júní). Hvaða þjóðtrú var einkum bundin við Jónsmessuna, Jónsvökuna eða Jónsmessunóttina? Gerði fólk sér einhvern dagamun þá? Hvar er að segja um döggina á Jónsmessunótt, steina eða grös, sem þá mætti finna? Hvar áttu slíkir hlutir að finnast, hvernig átti að ná þeim og hvernig skyldi farið með þá?

Sjösofendur (27. júní). Var nokkur veðurtrú eða annað tengt þessum degi?

Margrétarmessa (13. júlí). Kannast menn við Margrétarsögu eða einhverja trú á Margréti mey varðandi sængurkonur eða sjúklinga?

Hundadagar. Hvaða alþýðuskýringar voru til á nafninu og var nokkur þjóðtrú í sambandi við þetta tímabil?

Þorláksmessa á sumar (20. júlí). Þetta var mikill hátíðisdagur í katólskum sið. Sumir telja að leifar af samkomuhaldi þann dag hafi verið svonefndar smalabúsreiðar eða smalareiðar. Kanna menn nokkrar sögusagnir af þeim? Var sérstakur smalareiðarsunnudagur haldinn síðar á sumrinu og þá hvenær?

Jakobsmessa (25. júlí). Var nokkur veðurtrú tengd henni?

Ólafsmessa (29. júlí). Þetta er m.a. aðalhátið Færeyinga og mun hafa verið allmikill helgidagur hér, áður en Þorlákur og Jón voru lýstir helgir menn. Hafa menn nokkru sinni orðið varið við sérstaka helgi á þessum degi?

Frídagur verslunarmanna. Hvenær urðu menn fyrst varir við hátíðahald á þessum degi eða þessari helgi?

Lárentíusmessa (10. ágúst). Kannast menn við nokkuð varðandi stjörnur eða hafstrauma í sambandi við þennan dag?

Höfuðdagur (29. ágúst). Veðurtrúin í sambandi við þennan dag er alkunn. En hvernig var hún nákvæmlega og könnuðust menn við nokkra skýringu á henni? Var talað um gamla höfuðdaginn viku síðar?

Töðugjöldin voru oft um þetta leyti. Hvernig fóru þau fram? Rekur einhvern minni til þess að gefnar væru slagar eða slægjur þegar búið var að hirða af engjum?

Krossmessa á hausti (14. sept.). Nokkrar líkur benda til þess að þetta hafi verið vinslæll samkomudagur endur fyrir löngu, jafnvel að sjálf Jörfagleðin hafi verið haldin þá. Hafa menn heyrt nokkurn ávæning af slíku?

Réttardansleikir. Of langt mál yrði að spyrja hér ítarlega um göngur og réttir. En spyrja má hverskonar samkomur voru haldnar í tengslum við réttirnar og hvenær menn muna fyrst eftir þeim.

Mikjálsmessa (29. sept.). Við þennan dag er mjög oft miðað í annálum og víðar. Hvað var merkast við hann? Hófst haustvertíð þá? Var sláturtíð talin hefjast þá? Kannast menn við að þá væri sumstaðar réttað. Hafa menn heyrt um að smalar eða vinnufólk hafi þá fengið einhvern matarglaðning eða vetrarskammt?

Eldadagur (6. okt.). Þá munu bændur hafa átt að taka við þeim húsdýrum sem þeir áttu að fóðra fyrir lánardrottna sína yfir veturinn. Kunna menn nokkuð að greina frá því eða sagnir þar um?

Vetrarkoma. Þekkjja menn nokkur dæmi þess að vetri væri fagnað? Mega vera frá síðari árum. Hvernig reyndu menn helst að spá fyrir vetri? T.d. í milta, kindagarnir, vetrarbrautina, hegðum fugla, músa eða annarra dýra?

Allra heilagra messa (1. nóv.). Var einhver matarveisla haldin á þessum degi? Hét hún sérstöku nafni? Var nokkurt annað helgihald þá eða daginn eftir, á allra sálma messu?

Marteinsmessa (11. nóv.). Voru einhverja venjur tengdar þessum degi, t.d. að taka hrútana úr ánum? Hvenær var það annars gert? Var nokkur dagamunur í sambandi við Marteinsmessu, líkt og gæsasteikin í Svíðþjóð?

Jólafasti. Var upphaf hennar markað með nokkrum hætti? Hvað átti einkum að gera eða ljúka við á jólaföstudni? Voru gestir skrifaðir upp á miða á jólaföstudni? Hvað voru þeir nefndir? Hve löngu fyrir jól byrjuðu jólasveinarnir að koma? Hversu margir voru þeir? Þekkjja menn önnur nöfn á þeim en nú er algengast að sjá og heyra á prenti og í útvarpi? Voru þeir illir, hrekkjóttir eða góðir? Hvenær og hvernig breyttust skoðanir manna um útlit þeirra og hegðun? Hvenær muna menn fyrst eftir aðventukrönsum?

Fullveldisdagurinn (1. des.). Hvernig var sá dagur heiðraður eftir 1918? Var hans nokkru sinni minnst sem fæðingardags Eggerts Ólafssonar?

Nikulásmessa (6. des.). Kannast menn við nokkra siði tengda þessum degi?

Hvenær muna menn fyrst eftir að börn settu skóin sinn út í glugga í von um að fá eitthvað í hann? Hvaðan barst sá siður? Hversu löngu fyrir jól hófst það þá? Hvað var þá helst sett í skóinn?

Lúsíumessa (13. des.). Hvenær muna menn fyrst eftir hátíðahaldi á þessum degi?

Vökustaur. Hvaða skýringu hafa menn á þessu orði? Ef það þýddi ekki augntepur, heldur matur eða dagur, hverskonar matur þá eða hvaða dagur? Vita menn örugg dæmi um notkun augntepura eða einungis sögusagnir.

Kannast nokkur við heitið hlakkandi um einhvern síðasta daginn fyrir jól? Þekkjja menn orðið fátækraþerrir?

Þorláksmessa (23. des.). Hvað var helst gert á þessum degi? Hvað var helst borðað þá? T.d. skata, megringar, fiskur soðinn í hangikjötssóði eða kjöt? Voru nokkur orðtök eða þjóðtrú varðandi veðurfarið á Þorláksmessu?

Jólin (24. -26. des.). Hvernig fór jólahaldið fram í stórum dráttum þessa 3 daga? Hvað átti og mátti gera á hverjum degi? Var slátrað fyrir jólin og hversu lengi hélst það? Hvenær var þá slátrað og hverskonar grip? Nefndist hann eitthvað, t.d. jólaær? Hvaða matur, drykkur og kaffibrauð var annars á þessum dögum. Hvaða breytingum tók það í ykkar minni. Muna menn eftir að hverjum heimilismanni væri ætlaður ákveðinn jólaskamtur í mat? Lýsið því m.a. miðað við magn og tegundir (matarrétti) og það, hvort karl, kona, unglingur eða barn átti í hlut? Var eitt fremur öðru sem húsbónda var ætlað í jólaskammti? Þekkjja menn sagnir um að bændur hafi sjálfir skammtað kjöt til hátíða? Hvenær var hætt að skammta hverjum einstökum heimilismanni?

Hvenær muna menn fyrst eftir jólagjöfum og hverjar voru þær helst? Var eitthvað um það að hinir betur stæðu sendu fátækari nágrönnum sínum glaðning fyrir jólin? Kannast menn við kertagjafir frá prestsetrum og kertagjafir til barna í lok jólamessu e.t.v. kertastubbar? Hvenær voru kertin steipt? Hvenær tóku jólagjafir að aukast fyrir alvöru? - Hvenær mna menn fyrst eftir jólatré og hvernig var það? Hvenær komu fyrst grenitrén? Var ljós almennt látið loga á þessum nóttum í heimahúsum, kirkjum eða peningshúsum? Var skepnum nokkuð hyglað með aukinni heygjöf á aðfangadag? - Hvað er að segja um jólaheimboð, jólakveðjur, jólaóskir á heimili eða milli manna utan heimilis? Hvenær muna menn fyrst eftir jólakortum? Hvaða daga voru jólaheimboð helst? Var kirkjuklukkum samhringt þegar hátíðin gekk í garð? Hvernig héldu sjómenn jólin á hafi úti?

Áramót (31. des. -1. jan.). Hvað var til matar og skemmtunar á þessum tímamótum? Kannast menn við stórar nýárskökur og nýársksammt? Hvenær muna menn fyrst eftir áramóta- eða þrettándabrennum, hvar voru þær haldnar og á hvaða tíma dagsins? Hvað fleira var haft til skemmtunar, álfadans t.d.? Hvenær muna menn eftir sprengingum eða byssuskotum af þessu tilefni? Hverskonar sprengidót var það, heimatilbúið eða innflutt? Þekkjja menn af eigin reynslu að gengið hafi verið um bæinn um jól, áramót eða þrettánda og sagt: komi þeir sem koma vilja o.s.frv. eða einhver önnur þula? Hvaða þjóðtrú var annars tengd þessum dögum og nóttum?

Þrettándinn (6. jan.). Hvað af spurningunum um jól og áramót eiga eins vel eða betur við þrettándann? Hvernig voru jólin kvödd? Hverjir kannast við að þrettándinn væri nefndur "gömlu jólin" eða "jólanóttin gamla"? Nokkur önnur þjóðtrú?

Þessi skrá er nú orðin alllöng. Margt er þó eflaust ótalið sem ástæða hefði verið til að spyrja um í svipuðum dúr. Eru allir beðnir að láta það fljóta með af sjálfsdáðum og í óspurðum fréttum sem þeim kemur í hug í þessu sambandi.